



Ársskýrsla og staðtölur 2018

Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
Sími 515 0000 / sjukra@sjukra.is / sjukra.is



**Sjúkratryggingar
Íslands**



María Heimisdóttir,
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

Inngangur forstjóra

Árið 2018 var viðburðaríkt hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Í febrúar kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar: “Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu”. Í inngangi skýrslunnar segir meðal annars “Að mati Ríkisendurskoðunar eru annmarkar á starfsumhverfi, starfsemi og starfsháttum Sjúkratrygginga Íslands þegar horft er á gerð, framkvæmd og eftirlit með nokkrum kostnaðarsömum samningum stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu. Einnig má draga í efa að samningarnir séu í öllum tilvikum hagkvæmir eða stuðli að skilvirkni heilbrigðiskerfisins í heild. Ekki verður því séð að þessir samningar nái því markmiði að kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu séu markviss líkt og lög um sjúkratryggingar áttu að ná fram.”

Skýrslan er ákaflega vönduð og gefur skýra sýn á mikilvæga þætti starfsemi stofnunarinnar auk þess sem í henni koma fram ábendingar

til bæði stofnunarinnar sjálfar svo og til heilbrigðisráðuneytis um það sem betur má fara eigi stofnunin að ná markmiðum þeim sem skilgreind eru í lögum.

Í apríl sameinaðist öll starfsemi stofnunarinnar á Vínlandsleið í Grafarholti – að vísu í tveimur byggingum, en engu að síður náðist nánd milli starfsstöðva sem áður höfðu verið nánast sín í hvorum enda bæjarins. Mikill undirbúningur átti sér stað áður en að þessum merku tímamótum kom. Starfsmenn voru undirbúnir með námskeiðum og kynningum enda um miklar breytingar á vinnuumhverfi að ræða. Sjúkratryggingar Íslands eru stoltar af því að hafa verið frumkvöðlar meðal opinberra stofnana hér á landi hvað varðar nýtingu opins vinnurýmis með fjölbreyttri og sveigjanlegri vinnuaðstöðu sem starfsmenn nýta sér eftir því sem mismunandi verkefni krefjast. Nánar er fjallað um þessa breytingu í ársskýrslunni.

Um mitt ár 2018 birtu Sjúkratryggingar Íslands ítarlega skýrslu um árangurinn af hinu nýja greiðslupátttökukerfi sem innleitt var vorið 2017. Megintilgangur kerfisins var að lækka útgjöld þeirra einstaklinga sem þurfa mikið á heilbrigðisþjónustu að halda og jafna kostnað þeirra sem nota þjónustu heilbrigðiskerfisins. Í meginatriðum hefur kerfið skilað tilætluðum árangri en hægt er að kynna sér málið nánar [hér](#).

Haustið 2018 lét Steingrímur Ari Arason af störfum sem forstjóri Sjúkratrygginga Íslands eftir 10 ár í starfi. Honum eru þökkuð vel unnin störf. María Heimisdóttir læknir tók við embætti forstjóra þann 1. nóvember 2018.

Skipulag Sjúkratygginga Íslands

Fjármála- og rekstrarsvið

Svið fjármála og rekstrar er stoðsvið innan Sjúkratygginga Íslands. Kjarnahlutverk sviðsins snýr því að því að sinna verkefnum sem sameignleg eru flestum eða öllum sviðum stofnunarinnar og heppilegra er talið að sinna frá einum stað fremur en fela það hverju einstöku sviði.

Hjálpartækjasvið

Kjarnaverkefni Hjálpartækjasviðs felast í þrennu: Umsýslu réttinda sjúkratyggðra er varðar hjálpartæki og næringarefni, framkvæmd samninga við söluaðila hjálpartækja og loks endurnýtingu og viðgerðir hjálpartækja.

Tryggingasvið


Kjarnaverkefni Tryggingasviðs felast í tvennu. Annars vegar umsýslu réttinda og kostnaðarpáttöku sjúkratyggðra í heilbrigðisþjónustu. Hins vegar framkvæmd samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar falla undir sviðið tveir afmarkaðir málaflokkar sem eru slysatryggingar og sjúklingatrygging.

Viðskiptasvið


Hlutverk sviðsins er tvíþætt. Annars vegar að annast innkaup á heilbrigðisþjónustu samkvæmt stefnu yfirvalda og á grundvelli greiningar á þörf, gæðum og kostnaði. Hins vegar að annast málefni er varða greiðslupáttöku hins opinbera í lyfjakostnaði.

Komur og umferð um gáttir


Notendur réttindagáttar,
eftir kyni



Notkun á réttindagátt eftir
tegundum tækja




Aldursdreifing notenda
réttindagáttar



Komur í þjónustuver eftir málaflokkum árið 2018


Komur samtals 13.169



Réttindagátt	2018	2017	Breyting frá fyrra ári
Heimsóknir	297.658	255.629	14,1%
Notendur	134.146	114.825	14,4%
Fjöldi síðna skoðaðar	1.417.750	1.238.592	12,6%
Meðalfjöldi síðna skoðaðar í heimsókn	4,8	4,9	-1,9%

Gagnagátt	2018	2017	Breyting frá fyrra ári
Heimsóknir	246.866	217.076	12,1%
Notendur	36.861	31.213	15,3%
Fjöldi síðna skoðaðar	919.535	791.522	13,9%
Meðalfjöldi síðna skoðaðar í heimsókn	7,1	6,4	10,2%


Komur í þjónustuver, meðaltal á dag. Allir málaflokkar, árið 2018



Rekstur Sjúkratrygginga Íslands

Rekstrarútgjöld Sjúkratrygginga Íslands námu 1.887 m.kr. á árinu 2018. Fjármögnunin er annarsvegar í formi sértekna (827 m.kr.) og hinsvegar ríkisframlags (1.065 m.kr.) Stærstu hluti sértekna er vegna reksturs hjálpertækjamiðstöðvar.

Skipting rekstrargjalda SÍ eftir tegundum



3.093

einstaklingar komu að meðaltali til sjúkraþjálfara á hverjum virkum degi árið 2018

224

umsóknir bárust að meðaltali um hjálpartæki á hverjum virkum degi árið 2018

1.908

einstaklingar komu að meðaltali til sérgreinalæknis á hverjum virkum degi árið 2018

2.143

einstaklingar komu að meðaltali á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á hverjum virkum degi árið 2018

120

lyfjaskírteini útgefin á dag

65

vitjanir ljósmæðra að meðaltali á degi hverjum árið 2018

Dagur í heilbrigðisþjónustu*

2.275 kr.

er meðalgreiðsla á hverja komu í greiðsluþátttökukerfinu:
Almennir**: 4.121 kr.
Ellilífeyrisþegar: 1.254 kr.
Örorkulífeyrisþegar: 1.018 kr.
Börn: 804 kr.

10.508

örorkulífeyrisþegar fóru til tannlæknis árið 2018

23.673

ellilífeyrisþegar fóru til tannlæknis árið 2018

57.120

börn fóru til tannlæknis árið 2018

3.723

nýttu heimaþjónustu ljósmæðra árið 2018

* Allar tölur miðasta við sjúkratyggða einstaklinga.

** Almennir: sjúkratryggðir einstaklingar aðrir en aldraðir, öryrkjar og börn.

Húsnæðismál

Í apríl 2018 urðu tímamót í sögu Sjúkratrygginga Íslands. Þá flutti stofnunin í endurbætt húsnæði að Vínlandsleið. Um leið urðu Sjúkratryggingar Íslands fyrsta opinbera stofnunin hérlendis til að taka upp svokallað verkefnaði vinnuumhverfi og pappírslaut vinnuumhverfi.

Það þýðir í stuttu máli að húsnæðið er búið mörgum tegundum vinnustöðva/vinnurýma og starfsmenn velja sér þá tegund sem hentar því verkefni sem unnið er að hverju sinni, s.s. almennt vinnurými, hópinnurými eða einbeitingarrými. Starfsmenn hafa því ekki fasta vinnustöð heldur færa sig á milli þeirra eftir þörfum.

Verkefnaði vinnuumhverfi eykur sveigjanleika í starfsemi stofnunarinnar og auðveldar samstarf starfsmanna. Sjúkratryggingar Íslands eru fyrsta ríkisstofnunin hér á landi til að tileinka sér þetta skipulag sem hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu og Norður-Ameríku.

Aðdraganda flutninga í apríl 2018 má rekja allt til ársbyrjunar 2017 þegar skoðun hófst á möguleika á að sameina stofnunina á einum stað. Um mitt ár 2017 var síðan undirritaður nýr húsaleigusamningur um leigu á Vínlandsleið 16 og Vínlandsleið 6-8.

Þá tók við umfangsmikill undirbúningur.

Ákvörðunin um að taka upp verkefnaði vinnurými lagði að mestu leyti línurnar hvað varðar nánari útfærslu á húsnæðinu.

Myndaður var stýrihópur húsnæðis sem samanstóð

af sviðsstjórum allra sviða auk mannauðsstjóra og deildarstjóra upplýsingatækni og rekstrar.




Fyrsta verkefni var í raun að fræðast um hugmyndafræði verkefnaðis vinnuumhverfis (VMVU). Til þess var leitað fulltingis Sigríðar Halldórsdóttur hjá ASK arkitektum og farið í kynnisferð til Noregs.

Helstu verkefni í framhaldinu voru:

- Greining á þörf fyrir mismunandi tegundir rýma
- Hönnun og innrétting húsnæðis út frá ofangreindri þarfagreiningu og öðrum gögnum
- Fræðsla og vinnustofur með starfsmönnum um VMVU
- Ferlagreining og undirbúningur að því að gera stofnunina pappírslausa
- Skipuleggja breytta framkvæmd hvað varðar símsvörun
- Endurnýjun húsbúnaðar og tölvubúnaðar
- Flutningur starfsmanna og upphaf þjónustu í nýju húsnæði

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í október 2018 sýndi að starfsmenn væru almennt ánægðir með vinnuumhverfið.





Mannauðsmál

Meðalaldur starfsfólks hjá Sjúkratryggingum Íslands er 49,7 ár. Um 48% starfsfólks eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu, 48% eru félagar í ýmsum háskólafélögum og 4% eru í öðrum stéttarfélögum eða utan stéttarfélaga. 73% starfsmanna eru konur.

Veikindadagar á hvert ársverk voru að meðaltali 12,2 (4,7%). Ef langtímaveikindi* eru undanskilin þá er meðaltalið 8,3 dagar. Fjöldi veikindadaga án langtímaveikinda hefur verið mjög svipaður undanfarin ár.


Í lok árs 2018 voru starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands 122 talsins, sem er fækkun um 2,4% frá fyrra ári. Ársverk voru samtals 114,5 sem er fækkun um 0,9%. Flestir starfsmenn voru í fullu starfi.

Starfsmannavelta á árinu 2018 var 12,3%, sem er lítilsháttar lækkun frá árinu á undan.

*Langtímaveikindi: Meira en 30 veikindadagar á ári.

Flokkun	Fjöldi samninga
Samningar um heilsugæslu- og lækniþjónustu	59
Samningar við erlenda veitendur heilbrigðisþjónustu	17
Samningar um rannsóknir og myndgreiningu	14
Samningar um tannlækningar	9
Samningar um öldrunarþjónustu	4
Samningar um ljósmæðra- og hjúkrunarþjónustu	6
Samningar um þjálfun og endurhæfingu	19
Samningar um sálfræðiþjónustu	7
Samningar um krabbameinsleit	1
Samningar um áfengismeðferð	4
Samningar um sjúkraflutninga	13
Samningar um húðmeðferð	3
Samningar um gistingu og hótelpjónustu	2
Samningar um lyf	10
Samningar um hjálpartæki	58
Samningar um næringu	5
Heildarfjöldi samninga	231
Þar af:	
Samningar við Landspítala	24
Samningar við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	37

Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2018




Sjá nánar: yfirlit samninga [hér](#)


Mannfjöldapróun

Á næstu árum er gert ráð fyrir að fólksfjölgun verði mun meiri í elstu aldurshópunum en í þeim yngri. Elstu hóparnir þurfa að jafnaði á meiri þjónustu að halda en þeir sem yngri eru og því leiðir þessi fjölgun til vaxandi kostnaðar í flestum réttindaflokkum sjúkratrygginga.

Mannfjöldapróun frá 2000-2019; miðgildisspá frá 2020-2040, allir aldurshópar



Mannfjöldapróun frá 2000-2019; miðgildisspá frá 2020-2040, 60 ára og eldri



Sjúkratryggingar og bætur vegna veikinda og slysa

Málefna- flokkur	Fjárlagaliður		2018 m.kr.
Sjúkratryggingar:			
24.20	08-206-111	Lækniskostnaður	10.827
26.10	08-206-115	Lyf	9.125
26.10	08-206-116	Lyf með S-merkingu	8.522
26.30	08-206-121	Hjálpartæki og næring	4.905
24.20	08-206-125	Hjúkrun í heimahúsum	219
24.30	08-206-131	Þjálfun	5.068
24.20	08-206-135	Tannlæknakostnaður	4.012
24.40	08-206-141	Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	954
23.30	08-206-145	Brýn meðferð erlendis	1.991
23.30	08-206-151	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	618
24.20	08-206-191	Annað	595
Samtals sjúkratryggingar:			46.835
29.60	08-211-110	Bætur vegna veikinda og slysa	1.729
Samtals útgjöld vegna sjúkratrygginga og bóta v/veikinda og slysa			48.563

Öldrunarstofnanir og sjúkrahótel


Málefna- flokkur	Fjárlagaliður		2018 m.kr.
24.20	08-383-101	Sjúkrahótel	62
25.10	08-403	Öldrunarstofnanir	29.268
25.10	08-447-101	Sóltún, Reykjavík	1.555
Samtals			30.884

Fjárlagaliðir í umsjá Sjúkratrygginga Íslands 2018

Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með og annast greiðslur fyrir eftirtalda fjárlagaliði: sjúkratryggingar, bætur vegna veikinda og slysa, öldrunarstofnanir, Sóltún og sjúkrahótel. Fjárhæð þessara greiðslna á árinu 2018 var 79,4 milljarðar. Að auki hafa Sí umsjón með fjárlagaliðum sem greiddir eru samkvæmt svoköllum greiðslufyrirmælum hjá Fjársýslu ríkisins. Útgreiðslur þeirra liða námu um 14,4 milljörðum á árinu. Samtals voru greiddir 94 milljarðar vegna fjárlagaliða í umsjá Sí á árinu 2018.

Nánara talnaefni má finna [hér](#) í Staðtölum 2018

Sjúkratryggingar og bætur vegna veikinda og slysa, hlutfallsleg skipting 2018



Aðrir liðir

Málefna-flokkur	Fjárlagaliður	2018 m.kr.
32.10	08-310-101 Krabbameinsfélag Íslands	318
25.20	08-388-110 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	926
25.20	08-389-110 Aðrir samningar um endurhæfingarpjónustu	3.120
25.10	08-444-101 Vífilsstaðir	453
24.40	08-501 Sjúkraflutningar	1.626
24.10	08-507 Heilsugæslupjónusta skv. reiknilíkani	6.464
24.10	08-508-101 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	1.579
Samtals:		14.484

Heildarútgjöld - Fjárlagaliðir í umsjá SÍ

Fjárlagaliðir í umsjá SÍ	2018 m.kr.
Sjúkratryggingar og bætur v/veikinda og slysa	48.563
Öldrunarstofnanir og sjúkrahótel	30.884
Samtals bókað og greitt hjá SÍ	79.448
Aðrir liðir í umsjá SÍ	14.484
Samtals liðir í umsjá SÍ	93.932

Lyfjaútgjöld

Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja hækkaði um 894 milljónir króna eða um 11% á milli ára 2017 og 2018. Lyfjaverðskrárgengi evru var að meðaltali 126,3 krónur árið 2018 en 120,2 krónur árið 2017. Gengisbreytingin veldur því allt að 5% verðhækkun milli ára.


Á árinu 2018 var mestur kostnaður vegna tauga- og geðlyfja, eða um 2,5 milljarðar króna. Kostnaðurinn í flokki meltingarfæra- og

efnaskiptalyfja jókst mest í krónum talið eða um 250 milljónir sem er um 20% aukning á milli ára. Helsta skýringin á þessari aukningu er tilkoma nýrra blóðsykurslækkandi lyfja, annarra en insúlín. Blóðlyfin koma síðan þar á eftir en kostnaður í þessum lyfjaflokki hefur verið að aukast á undanförunum árum með tilkomu nýrra segavarnarlyfja.

Lyfjaflokkur (ATC)	2016	2017	2018	Breyting 2017-2018 í m.kr. %	
A Meltingafæra- og efnaskiptalyf	1.223	1.277	1.526	250	20%
B Blóðlyf	685	741	893	152	21%
C Hjarta- og æðasjúkdómalyf	885	914	1.035	121	13%
D Húðlyf	118	121	131	10	8%
G Þvagfæra- og kvensjúkdómalyf og kynhormónar	582	558	653	95	17%
H Hormónalyf önnur en kynhormónar	248	254	286	32	12%
J Sýkingalyf	118	115	125	10	9%
L Æxlishefjandi- og ónæmislyf	423	400	448	48	12%
M Vöðvasjúkdóma- og beinagrindalyf	319	320	328	8	3%
N Tauga- og geðlyf	2.570	2.393	2.467	74	3%
P Sníklalyf	9	10	11	1	13%
R Öndunarfæralyf	917	867	947	80	9%
S Augn- og eyrnalyf	205	203	211	8	4%
V Ýmis lyf	59	59	64	4	7%
Lyfjaútgjöld samtals	8.362	8.231	9.125	894	11%

Skýring: Greining kostnaðar er byggð á gögnum úr tölfræðigagnagrunni Sí.

Lyfjaútgjöld eftir ATC-lyfjaflokkum 2016-2018, millj.kr.



Sérgreinar	Komur	Heildarútgjöld	Útgjöld á komu	
		v/sérgreina- lækna án afsláttar	Einstaklingur	SÍ
	Þús. kr.		%	
Augnlæknar	69.079	961.547	37,4%	62,6%
Barnalæknar	38.782	597.904	6,8%	93,2%
Bæklunarlæknar	33.865	985.400	15,1%	84,9%
Geðlæknar	31.341	559.830	24,7%	75,3%
Barna-og unglingsgeðlæknar	6.752	148.585	5,3%	94,7%
Háls-, nef- og eyrnalæknar	45.095	614.129	25,9%	74,1%
Húðlæknar	56.364	657.310	45,8%	54,2%
Kvensjúkdómalæknar	38.001	563.958	55,6%	44,4%
Lyfl. efnaskiptalæknar	5.377	68.129	42,3%	57,7%
Lyfl. gigtarlæknar	12.783	149.263	37,6%	62,4%
Lyfl. hjartalæknar	40.243	731.921	31,9%	68,1%
Lyfl. lungnalæknar	6.425	92.438	34,7%	65,3%
Lyfl. meltingarlæknar/speglanir	18.287	678.625	21,5%	78,5%
Lyflæknar ýmsir ²⁾	10.842	161.794	41,4%	58,6%
Skurðlæknar	17.969	555.318	20,0%	80,0%
Svæfingarlæknar ¹⁾	13.404	942.517	0,4%	99,6%
Krabbameinslæknar	1.862	22.268	31,9%	68,1%
Taugalæknar	4.845	71.145	29,1%	70,9%
Þvagfæralæknar	16.710	354.503	27,2%	72,8%
Lýtalæknar	7.204	172.410	25,7%	74,3%
Sérfræðingar ýmsir ³⁾	1.657	25.581	27,9%	72,1%
Samtals klínískir læknar	476.887	9.114.576	25,6%	74,4%

Skýringar:

Upplýsingar eru m.v verkdag.

1) Koma sjúklings á stofu þar sem hann hittir bæði svæfingarlækni og skurðlækni telst sem tvær komur.


2) Lyflæknar ýmsir eru blóðmeinafræðingar, nýrnalæknar og ofnæmis- og ónæmislæknar.

3) Sérfræðingar ýmsir: endurhæfingarlæknar, öldrunarlæknar og sérfræðingar í heimilislækningum.

Þjónusta sérgreinalækna

Komur til sérgreinalækna árið 2018 voru tæplega 477 þúsund og heildarútgjöld vegna þeirra ríflega 9 milljarðar. Hlutfall SÍ í heildarútgjöldum vegna sérgreinalækna var um 74%. Þær sérgreinar sem SÍ greiða hlutfallslega mest fyrir eru svæfingarlækningar (13%), bæklunarlækningar (12%), hjartalækningar (9%) og augnlækningar (9%).


Kostnaður SÍ vegna rammisamnings sérgreinalækna eftir sérgreinum




Árið 2018 - komur til sérgreinalækna eftir aldri og kyni

Konur nýta sér almennt þjónustu sérgreinalækna meira en karlar í flestum aldursflokkum. Þjónusta sérgreinalækna er mjög misjöfn eftir aldurshópum, t.d. eykst fjöldi koma til hjartalækna með hækkandi aldri en flestar komur til háls-, nef og eyrnalækna eru börn á aldrinum 0-4 ára.


Allir sérgreinalæknar




Húðlæknar




Meltingarlæknar/speglanir




Hjartalæknar



Háls-, nef- og eyrnalæknar



Svæfingarlæknar




Tannlækningar

Myndirnar sýna hvernig börnum, sem SÍ greiddu tannlækningar fyrir, fjölgaði eftir gerð samnings um tannlækningar barna árið 2013 og hvernig útgjöld SÍ vegna tannlækninga barna jukust á sama tíma. Einnig má sjá aukin útgjöld vegna tannlækninga aldraðra og öryrkja vegna samnings sem tók gildi í september 2018. Loks sýnir græna

línan á mynd til hægri að meðalfjöldi viðgerða á hvert barn hefur farið lækkandi á árunum 2009 til 2018 ef undan er skilin lítilsháttar aukning fyrst eftir að barnasamningurinn tók gildi. Sú aukning er eðlileg og bendir til þess að komin hafi verið uppsöfnuð þörf fyrir viðgerðir hjá börnum sem leystist með samningnum.


Heildarútgjöld vegna tannlækninga 2009-2018



Útgjöld á verðlagi ársins 2018, neysluverðsvísitala

■ Börn 17 ára og yngri ■ Ellilífeyrisþegar ■ Örorkulífeyrisþegar ■ Tannréttingar ■ Tannlækningar aðrar

Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarpáttöku SÍ 2009-2018




Sjúkraþjálfun

Komur til sjúkraþjálfara voru 773 þús. á árinu 2018 sem eru 21% fleiri en árið 2016, áður en tekið var upp nýtt greiðsluþáttökukerfi. 13% fleiri einstaklingar sóttu meðferð hjá sjúkraþjálfara árið 2018 samanborið við 2016.

Skipting kostnaðar SÍ hefur breyst á tímabilinu en útgjöld vegna sjúkratryggðra einstaklinga annara en aldraðra, öryrkja og barna (“almennir sjúkratryggðir”) námu 35% árið 2018 en voru 10% árið 2016.

Skipting kostnaðar SÍ vegna sjúkraþjálfunar




* Almennir: sjúkratryggðir einstaklingar aðrir en aldraðir, öryrkjar og börn.

Útgjöld vegna sjúkraþjálfunar, fjöldi einstaklinga og komur til sjúkraþjálfara 2016-2018

	2016		2017		2018		Breyting 2016-2017	Breyting 2017-2018
	m.kr.	hlutf.	m.kr.	hlutf.	m.kr.	hlutf.		
Kostnaður sjúkraþjálfunar	4.159	100%	4.993	100%	5.734	100%	20%	15%
Kostn.hluti SÍ	2.419	58%	3.717	74%	4.743	83%	54%	28%
Kostn.hluti einstaklinga	1.740	42%	1.276	26%	991	17%	-27%	-22%
Fjöldi einstaklinga	46.527		49.834		52.634		7%	6%
Fjöldi koma	638.692		711.115		773.235		11%	9%
Meðalfjöldi koma /einstakling	13,7		14,3		14,7		4%	3%


Fjöldi einstaklinga og komur til sjúkráðgjafara



Sjúkraflug


Umfang sjúkraflugs hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár en árið 2018 voru sjúkraflug alls 806 talsins. Brugðist var við mikilli aukningu á milli ára 2016 og 2017 með samkomulagi við Mýflug fyrir árið 2018 um að manna aukavél á dagvinnutíma, þrjá samliggjandi virka daga, með áherslu á verkefni þar sem flytja þarf sjúklinga milli heilbrigðisstofnana. Með þessu var markmiðið að auka öryggi sjúklinga og að létta álagi af aðalsjúkraflugvélinni og áhöfn hennar.

Fjöldi sjúkrafluga 2013-2018



Brýn meðferð erlendis

Málum er varða fyrirfram ákveðna meðferð erlendis og brýna meðferð erlendis hefur fjölgað mjög. Aukningu má rekja til þess að biðtími eftir nauðsynlegri meðferð á Íslandi er í sumum tilvikum of langur en þá skapast réttur til meðferðar erlendis á grundvelli Evrópureglna. Mest aðsókn hefur verið í liðskiptaaðgerðir erlendis. Fyrsta afgreiðsla vegna þessara mála var árið 2015. Einnig má rekja aukninguna til mála er varða fyrirfram ákveðna meðferð erlendis á grundvelli Evróputilskipunar, svokallaðrar landamæratilskipunar. Þetta má að mestu rekja til aukningar í tannlækningum. Fyrsta afgreiðsla vegna þessara mála var árið 2016.




Sjúkradagpeningar

Útgjöld Sí vegna greiðslu sjúkradagpeninga hafa hækkað verulega frá árinu 2016. Fjárhæð sjúkradagpeninga hækkar árlega eins og reglugerð þar að lútandi kveður á um. Umtalsverð hækkun útgjalda umfram það skýrist annars vegar af fjölgun þeirra einstaklinga sem njóta sjúkradagpeninga og hins vegar af því að hver og einn einstaklingur fær dagpeninga greidda fyrir lengra tímabil. Umsækjendur eru þannig fleiri og veikindi standa lengur.


Sjúklingatrygging

Á árinu 2018 voru gefnar út tæplega 200 ákvarðanir varðandi rétt til greiðslu sjúklingatryggingar, en það er mesti fjöldi ákvarðana sem Sí hafa tekið í málaflokknum á einu ári. Lækkun heildarbóta skýrist af því að bætur sjúklingatryggingar byggja á einstaklingsmiðuðu skaðabótamati. Afar misjafnt er því hversu há upphæð er greidd vegna hvers og eins máls. Til dæmis voru meðaltalsbætur árið 2017 nokkuð hærri en árið 2018.

Fjöldi einstaklinga og útgjöld vegna sjúkradagpeninga



Fjöldi afgreiddra mála 2012-2018




Hjúkrunar- og dvalarrými

Á árinu 2018 var unnið eins og áður eftir rammisamningi ríkisins við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Samband íslenskra sveitarfélaga um þjónustu á hjúkrunarheimilum. Í lok árs voru 2.230 íbúar í hjúkrunar-, geð-, og sérhæfðum rýmum á móti 2.207 árið 2017. Dvalarrýmum fækkaði úr 251 í 214 á sama tíma í samræmi við breyttar áherslur. Dagdvalarrými á vegum SÍ voru 729 í lok árs 2017 en hafði fjölgað í 770 í lok árs 2018. Umfangið í krónum talið jókst um 2,7 milljarða eða úr 26,4 milljörðum í 29,1 milljarð á milli áranna 2017 og 2018.

Á myndinni má sjá aldursdreifingu íbúa í hjúkrunar- og dvalarrýmum eftir heilbrigðisumdæmum. Hlutfall íbúa undir 70 ára aldri er hæst á Vesturlandi (23%) og skýrist það af fjölda geðhjúkrunarrýma í umdæminu. Greiðslustuðullinn er meðaltal stuðla sem greitt er eftir vegna hjúkrunarþyngdar í viðkomandi heilbrigðisumdæmi. Reiknaðir eru stuðlar fyrir hvert heimili. Meðaltalið hækkar á milli ára í öllum umdæmum nema á Austurlandi þar sem það lækkar lítillega.

Aldursdreifing einstaklinga í hjúkrunar- og dvalarrýmum eftir heilbrigðisumdæmum, desember 2018




Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis og læknavakt

Að meðaltali voru 2.350 komur á mánuði á hverja heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu, þar af voru að meðaltali 2.200 komur skráðra einstaklinga á eigin stöð og 150 komur að meðaltali frá einstaklingum sem skráðir eru á aðrar stöðvar. Fjöldi koma er í samræmi við fjölda skráðra á stöð - flestar komur eru hjá þeim stöðvum þar sem flestir eru skráðir, svo sem Höfða, Sólvangi, Seltjarnarnesi, Salahverfi og Árbæ.

Flestar komur á Læknavakt eru í janúar – maí og síðan aftur í desember. Í desember voru óvenju margir frídagar og það endurspeglast í auknum fjölda koma á Læknavaktina en á sama tíma voru færri komur á heilsugæslustöðvar. Um 95% koma á Læknavaktina eru frá skráðum einstaklingum á heilsugæslu höfuðborgarsvæðis.

Meðalkomur, á mánuði, einstaklinga skráðra á viðkomandi heilsugæslu og aðrar komur, árið 2018



Komur á Læknavakt eftir mánuðum árið 2018

